



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Björgunarsveitin Blakkur (490481-0369), Vesturbyggð (510694-2369) og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (650914-0740) gera með sér eftirfarandi

Viljayfirlýsingu um byggingu björgunarmiðstöðvar á Patreksfirði

Aðilar samningsins munu sameinast um byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar á Patreksfirði. Í miðstöðinni verði pláss fyrir tæki og búnað björgunarsveitarinnar, slökkviliðs og sjúkraflutninga auk aðstöðu til að geyma annan búnað, búningasklefa og önnur rými sem tilheyra. Hluti stoðryma verður sameiginlegur með aðilunum þremur. Þá verði í húsinu aðstaða fyrir stjórnun neyðaraðila; svæðisstjórn, aðgerðastjórn og vettvangsstjórn.

Markmiðið með byggingunni er að sameina í eitt nútímalegt hús allan búnað þessara þriggja viðbragðsaðila og bæta þannig gæði, öryggi og vinnuaðstöðu. Með þessu verður samvinna þessara aðila auðveldari.

Leit að heppilegri staðsetningu hefst við undirritun þessarar viljayfirlýsingar. Ef þörf er á breytingu á skipulagi, skal vinna við það hefjast strax í kjölfarið. Fyrirliggjandi drög að þarfagreiningu gera ráð fyrir húsi með 1000 fm. grunnflöt og tvær hæðir að hluta.

Kostnaður við framkvæmdina og eignarhlutur verður samkvæmt nánara samkomulagi. Kostnaður við undirbúning verði einnig samkvæmt nánara samkomulagi. Viljayfirlýsingin er undirrituð með fyrirvara um fjármögnun á framkvæmdinni af hálfu allra aðila.

Hver aðili viljayfirlýsingarinnar skal tilnefna einn fulltrúa í undirbúningsnefnd og skal Vesturbyggð tilnefna einn fulltrúa til viðbótar sem stýrir vinnunni. Undirbúningsnefnd skal halda fundargerðir og skila stuttum greinargerðum 1. febrúar og 1. apríl 2022.

Liggi bindandi samningur ekki fyrir 1. október 2022 eða á annan hátt tryggt að af framkvæmdinni verði er aðilum viljayfirlýsingarinnar frjálst að ganga úr samstarfinu án eftirmála. Stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist á árinu 2023.

Patreksfirði, 9. nóvember 2021

Siggeir Guðnason
formaður Björgunar-
sveitarinnar Blakks

Rebekka Hilmarsdóttir
bæjarstjóri Vesturbyggðar

Gylfi Ólafsson

forstjóri Heilbrigðis-
stofnunar Vestfjarða